

HÖNNUNARSAFN
MUSEUM OF DESIGN
AND APPLIED ART
ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2023



UPPSKERUHÁTIÐ

Sigríður Sigurjónsdóttir

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands

Árið 2023 má með sanni segja að hafi verið uppskeruhátíð hjá Hönnunarsafni Íslands. Það sem helst stóð upp úr var ný grunnsýning, ný heimasíða og samningur við Menningar- og viðskiptaráðuneytið um safnfræðslu til næstu þriggja ára.

Ný grunnsýning

Á sýningunni *Hönnunarsafnið sem heimili* er brugðið upp grunnmynd af heimili með um 200 hönnunargripum frá ýmsum tímabilum. Grunnsýningar eru mikilvægar en þeim fylgir þó sú hættu að aðsóknin detti niður. Til þess að halda sýningunni lifandi hefur hönnuðum og rannsakendum verið boðið í heimsókn til að setja sitt mark á hana. Þá gefst tilefni til að halda aðra opnun, gestir koma aftur og sýningin öðlast nýjan og áhugaverðan vinkil. Ný samtöl kvikna og pælingar vakna. Heimilið er endalaus uppspretta áhuga- verðra viðfangsefna. Í fyrstu heimsókninni, sem kölluð var *Skilaboð*, rýndu grafísku hönnuðirnir **Una María Magnúsdóttir** og **Katla Einarsdóttir** í samskipti fólks sem býr á sama heimilinu á Messenger. Þá tók við heimsókn þar sem textílhönnuðurinn **Lily Erla Adamsdóttir** málaði eins konar veggfóður inn í sýninguna. Þriðja heimsóknin verður í september árið 2024 og ber yfirskriftina *Örverur á heimilum*.

Því miður gekk ekki eftir að safnið fengi það sem eftir stendur af 2. hæð húsnæðisins að Garðatorgi 1. Þetta eru samtals um 150 fm, viðbót sem myndi gera gestum kleift að ganga hring um sýningarsali safnsins, en hæðin var upphaflega hönnuð með það að leiðarljósi.

Slík breyting myndi hjálpa flæðinu í byggingunni og gæfi möguleika á breytilegum sýningum samhliða grunnsýningunni. Við stefnum enn að þessum betrubótum.

Ný heimasíða

Heimasíðan endurspeglar starfsemi og andrúmsloft safnsins. **Birna Geirfinnsdóttir** og **Arnar Freyr Guðmundsson** hjá Studio Studio hönnuðu síðuna. Síðan er safninu til sóma og gott dæmi um vel hannaða, skemmtilega og fallega heimasíðu, sjá: www.honnunarsafn.is

Samningur um safnfræðslu

Eitt það mikilverðasta í starfi safnsins á árinu 2023 er gerð þriggja ára samnings við Menningar- og viðskiptaráðuneytið í samræmi við nýja hönnunarstefnu. Safnið fær samtals 30 milljónir næstu þrjú árin til að fræða grunnskólabörn, eða tíu milljónir á ári.

Safnið býr yfir óendanlega spennandi möguleikum til að fræða og skapa og fær þessi þáttur í starfinu nú byr undir báða vængi. Það hefur verið draumur safnstjóra frá því hún hóf störf fyrir sjö árum að ráða sérfræðing í fræðslu til að sinna þessum hluta safnastarfsins og þróa hann áfram. **Sigríður Sunna Reynisdóttir** hefur verið ráðin frá og með 1. janúar 2024 í hálf tætt starf til þess að leiða þessa vegferð. Sigríður Sunna er leikmynda-, leikbrúðu- og búningahönnuður en auk þess stofnandi og listrænn stjórnandi Þykjó sem sérhæfir sig í þverfaglegum hönnunarverkefnum fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Hópurinn að baki Þykjó hefur unnið náið með lista-, vísinda- og fræðasamfélaginu, starfrækt fjölbreyttar smíðjur, gert innsetningar og staðið að margs konar viðburðum í samstarfi við söfn og aðrar menningarstofnanir. Þykjó var tilnefnt til Hönnunarverðlauna Íslands árið 2021 sem og árið 2022.

Stefnumótun

Stjórn safnsins ásamt starfsmönnum uppfærði stefnumótun sína frá árinu 2018. Þá kom í ljós að fjöldi þeirra markmiða sem lagt var upp með hafði náðst. Áherslur undanfarinna ára hafa verið út á við, t.d. í formi áhugaverðra sýninga og sýnileika á samfélagsmiðlum, en einnig hefur markvisst verið unnið að því að bjóða hönnuðum og fræðimönnum upp á vinnustofudvöl og að lífga almennt upp á safnastarfið með fyrirlestrum, smíðjum, móttöku skólabarna, nám-skeiðum og öðrum viðburðum. **Ólöf Breiðfjörð** menningarfulltrúi Garðabæjar hefur reynst ómetanlegur stuðningur og gefandi samstarfsaðili. Nú er kominn tími og svigrúm til að líta inn á við, hlúa að starfinu, endurskipuleggja varðveislurými og huga í meira mæli að söfnun og skráningu.

Átak í innra starfi

Á árinu var varðveislurými fyrir teikningar tekið í gegn. Hver einasti kassi, mappa og hólkur var opnaður og merktur. Efnið var flokkað í hillur eftir hönnuðum og útbúin vönduð hilluskra sem auðvelt er að leita eftir.

Varðveislurými fyrir keramik var endurskipulagt. Hver einasti hlutur var myndaður, honum pakkað inn og loks komið fyrir í hillu. Auk þess var unnin vönduð hilluskra með myndum. Tæplega þúsund gripir voru skráðir í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn íslenskra safna.

Á árinu var **Bóel Ingadóttir** ráðin sem sérfræðingur safneignar í stað **Þóru Sigurbjörnsdóttur** sem lét af störfum eftir 12 ára farsælt starf. Bóel fékk svigrúm til að einbeita sér að skráningu og á árinu skráði hún rúmlega 1000 gripir í Sarp. Það var mjög vel af sér vikið því frá stofnun safnsins hafa samtals 5000 gripir verið skráðir í gagnagrunninn.

Styrkir

Hönnunarsafn Íslands hlaut styrki upp á alls 6,5 milljónir úr Safnasjóði. Verkefni sem hlutu styrk voru eftirfarandi:

- 1) Útgáfa í tengslum við nýja grunnsýningu safnsins sem heitir *Hönnunarsafnið sem heimili*.
- 2) Sýning á verkum Ýrar Jóhannsdóttur textílhönnuðar.
- 3) Átak í skráningu og grisjun.

Húsnæði

Milli jóla og nýárs árið 2022 lak vatn af þakinu niður í sýningarsal safnsins. Þakið hefur verið til vandræða sl. tíu ár og hafa eigendur húsnæðisins reynt að gera við það án árangurs. Ekki var hægt að setja upp föstu sýninguna í heild sinni fyrr en sumarið 2023 þegar þakið hafði verið lagfært, þ.e.a.s. fimm mánuðum seinna en fyrir-hugað hafði verið. Ekki var innheimtur aðgangseyrir á meðan sýningin var aðeins uppsett að hluta. Fasteignafélagið Reginn neitaði að bæta safninu fjárhagslegt tjón vegna þessa.

Stjórn og forstöðumaður hafa bent á að varðveislurými safnsins sé ekki öruggt og að finna þurfi gott og stærra húsnæði fyrir safn-kostinn. Frá því að undirrituð hóf störf árið 2017 hefur tvisvar komið upp alvarlegur leki úr lögnum og jafnoft flætt skólp upp um niðurföll í varðveislurýminu. Garðabær og Menningar- og viðskiptaráðuneytið hafa átt í viðræðum um framtíðarfyrirkomulag rekstrar og húsnæðis-mála safnsins. Ég treysti því að þær beri árangur.



FRÁ VÖRUHÚSI Í SAMFÉLAG Stella Stefánsdóttir

Formaður stjórnar Hönnunarsafns Íslands

Upphaf 21. aldarinnar hefur einkennst af miklum breytingum. Má þar nefna öra tækniþróun, fjölbreyttari samskiptaform og breytt gildismat. Einnig hafa ytri áskoranir eins og loftslagsbreytingar, efnahagshrun, farsóttir og stríð haft margvísleg áhrif.

Veruleiki safna hefur ekki farið varhluta af breytingum. Megin tilgangur safna var lengi vel að safna, varðveita og rannsaka þjóðararf, minjar um sögu mannkyns og náttúru. Áherslur safna voru oft frekar einhliða og gjarnan inn á við. Sumir gengu það langt að kalla söfn vöruhús fyrir björgun verðmæta.

Í dag standa söfn frammi fyrir fjölbreyttum áskorunum eins og að leitast við að skilja væntingar gesta í nútíð og framtíð, bregðast við aðstæðum í ytra umhverfi eins og t.d. farsótt, tileinka sér örar tæknibreytingar og fjölbreyttari leiðir til samskipta en á sama tíma þurfa söfn að uppfylla lagalegar skyldur sem felast í að varðveita, skrá og rannsaka.

Með tímanum hefur því hlutverk safna almennt verið að breytast og áherslur orðnar margvíslegri. Við stjórnun safna er í auknum mæli verið að horfa út á við og leitast við að tengjast betur umhverfi og fólki. Víða hafa söfn gengið býsna langt í þessa átt eins og t.d. bókasafnið Oodi í Helsinki sem gegnir hlutverki einhverskonar samfélagsmiðstöðvar.

Til þess að mæta þessum áskorunum er mikilvægt að söfn hafi leiðarvísi til fylgja eftir inn í framtíðina — einhverskonar framtíðarsýn. Árið 2018 var mótuð ný stefna fyrir Hönnunarsafnið þar sem aukin áhersla var lögð á að opna safnið meira og byggja samfélag um safnið. Sett voru skýr markmið í átt að stefnunni og starfsfólk safnsins á hrós skilið fyrir að vinna stöðugt í átt að markmiðunum og hefur fjölmörgum þeirra verið náð.

Í kjölfar stefnumótunar hafa verið settar upp áhugaverðar sýningar, sýnileiki á samfélagsmiðlum hefur verið aukinn til muna, safnið hefur verið opnað fyrir hönnuðum í formi vinnustaðadvalar og fengið fræðimenn til að vinna inni á safninu. Þá hefur safnastarfið verið lífgað með smiðjum, móttökum skólabarna, námskeiðum og öðrum viðburðum. Á sama tíma var um tíma óhjákvæmilegt að bregðast við takmörkunum tengdum heimsfaraldri og með skapandi hugsun nýta óhefðbundnari leiðir til miðlunar á safnkosti. Árangur þessarar vinnu hefur ekki látið á sér standa en á þessum tíma hefur árlegur gesta-fjöldi tvöfaldast úr 4.800 gestum árið 2017 í 9.450 gesti árið 2023.

Í stefnumótun árið 2023 var framtíðarsýn Hönnunarsafnsins endurskoðuð og jafnframt lögð áhersla á að rækta enn frekar tengsl við nærsamfélagið.


Í starfi safnsins er mikilvægt að gæta þess að heilbrigt jafnvægi ríki á milli innra og ytra starfs þannig að samhliða því að rækta innra starf og lögbundnar skyldur sé unnið markvisst að því að auka sýnileika út á við, byggja upp samfélag um hönnun á safninu og rækta nærsamfélagið.

Þrátt fyrir litla yfirbyggingu hefur starfsfólki safnsins í nánú samstarfi við menningarfulltrúa Garðabæjar tekist með miklum ágætum að efla starfsemi safnsins í takt við framtíðarsýn.


Fyrir hönd stjórnar Hönnunarsafnsins þakka ég forstöðumanni og öðru starfsfólki fyrir vel unnin störf og gjöfult samstarf árið 2023.

Skipting gesta 2023

Gestir með lykla eru fólk sem stundar rannsóknir í safninu eða er þar í vinnustofudvöl.




Samtals gestir frá 2019–2023



Viðburðir 2023

Samtals voru haldnir 38 viðburðir á árinu sem 1471 gestir sóttu.



Facebook vinir í lok árs 2023

2023	6100
2022	5504
2021	5004

Instagram fylgjendur í lok árs 2023

2023	4413
2022	3870
2021	3305



Sýningarsalur

Hönnunarsafnið sem heimili,
grunnsýning
20.01.2023—

Heimsókn á Hönnunarsafnið
sem heimili — Skilaboð
24.11.2023—

Safnið á röngunni

Nærvera
Nýjar peysur eftir Ýrurari
28.04.2023—27.08.2023

Skráning á teikningum eftir
Lothar Grund
01.10.2023—30.12.2023

Pallurinn

Fallegustu bækur í heimi 2022
20.02.2023—02.04.2023

Heimurinn heima
18.04.2024—10.09.2023

Dolinda Tanner
Keramik og textílverk
06.10.2023—30.12.2023

Vinnustofudvöl

Ada Stańczak
Keramikhönnuður
20.01.2023—14.05.2023

Nína Gautadóttir
Textillistamaður
07.07.2023—27.08.2023

Lilý Erla Adamsdóttir
Textilhönnuður
22.09.2023—30.12.2023

Sýning á Facebook

Jóladagatal 2023
Ljós úr safneigninni

Sýning utan safnsins

Fertile Soil: The Glit Era
In Icelandic Ceramics
01.04.2018—
The Retreat Blue Lagoon

Nærvera, Ýrurari

Sýning endurhönnuð og sett
upp í Nordatlantens Brygge
í Kaupmannahöfn.

Útgáfa

Safnið var samstarfsaðili að
bókinni *Sund* sem kom út
meðfram samnefndri sýningu.

Höfundar **Katrín Snorradóttir**
og **Valdimar Th. Hafstein**
Hönnun **Ármann Agnarsson**
og **Brynhildur Pálsdóttir**
Útgefandi Forlagið



14

15

Keyptir gripir samtals 12.

Keyptir gripir

- ☉ *Plastplan*, blómapottur og hringlaga spegill
- ☉ *Fatabjónn*, Katrín Ólína Pétursdóttir
- ☉ *Fólk*, borð, Jón Helgi Hólmgeirsson
- ☉ *As We Grow*, þrjár flíkur, Guðrúnu Rögnu Sigurjónsdóttur
- ☉ Leit að postulíni, þrír postulínsplattar
- ☉ *Flothetta*, sjö vörur, Unnur Valdís
- ☉ Inniskór, Valdís Steinarsdóttir
- ☉ *Lína*, stóll, Hlynur Vagn Atlason
- ☉ Stóll, Helgi Hallgrímsson
- ☉ Verkið *Ljósberi*, Margrét Jónsdóttir
- ☉ Verkið *Dýjamosi dagrenningar*, Lilý Erla Adamsdóttir

Gjafir, þar af tvö „söfn“ samtals 134 gripir

- ☉ Vasi frá Listvínahúsinu
- ☉ Vasi eftir Sigríði Ágústsdóttur
- ☉ Gular ullarnærbuxur frá Lokbrá
- ☉ Mokkaþakki eftir Karl Júlíusson
- ☉ Þrír dúkar og tólf undirskáladúkar
- ☉ Verkin *Fjaðrir* og *Þúfur* eftir Ásrúnu Kristjánsdóttur
- ☉ Lampi eftir Guðmund frá Miðdal
- ☉ Styttu af burstabæ eftir Funa
- ☉ Heimagerður barnavagn
- ☉ Veggplatti í tilefni af 200 ára afmæli Reykjavíkur
- ☉ Tímarit og gögn frá ELM Design
- ☉ Níu efnisbútar frá Últíma
- ☉ Tvær lopapeysur eftir Dagbjörtu Guðmundsdóttur
- ☉ Sófi, tveir stólar og borð frá Kristjáni Siggeirssyni
- ☉ Tveir stólar eftir Árna Jónsson
- ☉ Borðstofusett og skenkur eftir Svein Kjarval
- ☉ Keramikgripir eftir Jónu Guðvarðardóttur
- ☉ Borð eftir Svein Kjarval
- ☉ Ullarponsjó, íslensk framleiðsla, hönnuður óþekktur
- ☉ Skápurinn *Curiosity cabinet* frá Tools Gallery, Paris eftir Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur

NÝ AÐFÖNG Í SAFNEIGN



Ada Stańczak
Keramikhönnuður
20.01.–14.04.2023



Sýningarstjórn Sigríður Sigurjónsdóttir
og Ingiríður Óðinsdóttir

Á árinu 2023 þáðu þrír hönnuðir vinnustofudvöl í anddyri safnsins: Keramikhönnuðurinn **Ada Stańczak**, textillistakonan **Nína Gautadóttir** og textilhönnuðurinn **Lilý Erla Adamsdóttir**. Verkefni Ödu snerist um tilraunir til að nota steinryk úr steinsmiðju í glerung á keramik. Ada hélt best sóttu fjölskyldusmiðju sem haldin hefur verið í safninu. Tæplega 100 gestir komu sem var að vísu aðeins of mikið af hinu góða en allt gekk þó upp. Nína Gautadóttir kom upp einföldum vefstól í anddyrinu og lauk einu stóru verki yfir sumarið. Lilý Erla vann aðallega í veggteikningum sem nýttust svo inn í sýninguna *Hönnunarsafnið sem heimili* í byrjun árs 2024. Hönnuðir í vinnustofudvöl taka að sér að stýra samfélagsmiðlum safnsins einn dag í viku og kynna þá viðfangsefni sín.

Hönnuðirnir setja sér markmið í samtali við safnstjóra, t.d. að ljúka ákveðnu verkefni, selja visst mikið eða jafnvel efla sýnileika sinn á samfélagsmiðlum. Fer þetta eftir hverjum og einum.

Markmið safnsins er að gestir og starfsfólk fái innsýn í störf hönnuða, að gestir geti keypt verk beint af þeim, að tengsl myndist, aukin þekking og ný tækifæri.

PALLURINN



Pallurinn er lítið sýningarrými inn af safnbúðinni og var fyrst tekinn í notkun árið 2022. Þarna gátu börn áður leikið sér en eftir að leikborði í anda Einars Þorsteins var sett upp í Smiðjunni var ákveðið að nýta pallinn undir sýningar. Komið hefur á óvart hvað rýmið hentar vel fyrir sýningar. Hér er tækifæri til að smella inn minni sýningum, jafnvel með litlum fyrirvara.

Fallegustu bækur í heimi
20.02.2023—02.04.2023

Sýningarstjórn Anton Jónas Illugason
Keppnin „Best Book Design from all over the World“ hefur verið haldin frá árinu 1963 með það að markmiði að hvetja til aukins alþjóðlegs samtals um bókahönnun. Á sýningunni gátu gestir flett þeim 14 bókum sem verðlaunaðar voru árið 2022. Sýningin er sett upp í samstarfi við FÍT (Félag Íslenskra teiknara) og Stiftung Buchkunst.

Heimurinn heima
18.04.2024—10.09.2023

Sýningarstjórn og hönnuðir smíðju Auður Ösp Guðmundsdóttir og Kristín María Sigþórsdóttir
Skringilegasta fjölbýli Garðabæjar er risið og var það skapað af 4. bekkingum í Garðbæ. Nemendurnir unnu íbúðirnar í smíðju í tengslum við sýninguna Hönnunarsafnið sem heimili. Voru þeir hvattir til að hugsa með höndunum og láta sköpunargleðina leika lausum hala. Krakkarnir settu sig í spor hönnuða og með nýtni og hugmyndaauði bjuggu þeir í sameiningu til heimili fyrir skáldaðar persónur með fjölbreyttan bakgrunn. Þá m. eru dansari og geimfari, bakari og gleðigjafi sem allir eiga það sameiginlegt að búa með ævintýralegum gæludýrum og safna aragrúa af ýmsu dóti.

Dolinda Tanner (1923—1967) — Keramik og textílverk
06.10.2023—30.12.2023

Sýningarstjórn Sigríður Sigurjónsdóttir og Ingiríður Óðinsdóttir
Dolinda var fædd og uppalin í Sviss þar sem faðir hennar var verksmíðjueigandi. Hún nam myndlist við listaháskólana í Genf og Basel. Að námi loknu þráði hún að ferðast og dvaldi bæði í Bretlandi og Svíþjóð áður en hún kom til Íslands árið 1948. Hér kynnist Dolinda hjónunum Gesti Þorgrímssyni og Sigrúnu Guðjónsdóttur (Rúnu). Þau fengu Dolindu og Waistel Cooper, skoskan listamann, í lið með sér við að byggja upp fyrirtækið Laugarnesleir. Ekkert þeirra hafði menntað sig í keramikki en þau létu það ekki á sig fá. Flestir munirnir á sýningunni eru í eigu Elísabetar Dolindu dóttur Dolindu Tanner. Hluta þeirra fékk hún nýlega úr dánarbúi Ellu Wernli sem var mjög góð vinkona Dolindu í Sviss. Ella lést í árslok 2020.

20 SAFNIÐ Á RÖNGUNNI



Safnið á röngunni er liður í að lífga upp á safnastarfið með því að bjóða utanaðkomandi rannsakendum á sviði hönnunar rými til að stunda rannsóknir sínar, taka á móti fólki, halda fyrirlestra og fleira skemmtilegt. Safnið nýtir rýmið einnig óspart fyrir skráningarvinnu en þaðan kemur upphaflega nafnið *Safnið á röngunni*. Í ljós hefur komið að gestum þykir skráningarvinnan áhugaverð og koma þeir gjarnan með dýrmætar upplýsingar tengdar því sem verið er að skrá. Árið 2023 var eitt skráningarverkefnið í salnum innanhússhönnun og grafísk hönnun eftir Lothar Grund. Þá var gerð undantekning á reglunni og haldin hefðbundin sýning í salnum í tengslum við HönnunarMars. Þar hún yfirskriftina *Nærvera* og voru þar sýndar peysur eftir *Yri Jóhannsdóttur*. Yr vann þá stundum sjálf í sýningar-salnum við að taka saman verk sín í bók. Nýtti hún einnig rýmið fyrir opnar viðgerðarsmiðjur sem hafa alltaf verið mikilvægur hluti af skapandi ferli hennar.



NÆRVERA, NÝJAR PEYSUR EFTIR ÝRÚRARÍ

Sýning og vinna við bók

28.04.—27.08.2023

Sýningarstjórn Studio-FRÆ

Nævera er sýning á nýjum peysum textilhönnuðarins Ýrúrarí en um leið vinnuaðstaða hönnuðarins sem er að taka saman bók um feril sinn og aðferðir.

Ferlið við gerð sýningarinnar byggist á tilraunum með fjölbreyttum textílnálgunum svo ósöluhæfar peysur úr endurvinnslustöðvum verði notaðar um ókomna tíð. Í anda fyrri verkefna Ýrúrarí eru peysurnar unnar á húmorískan hátt með leikgleði að leiðarljósi. Markmiðið er að lífga upp á hversdaginn og lengja líftíma fatnaðarins.

Yfir sýningartímabilið vann Ýrúrarí í rýminu að grunni bókverks með yfirliti yfir eldri verk þar sem jafnframt er brugðið ljósi á efniviðinn og aðferðirnar sem hún notar. Grunnur bókverksins byggist á peysu sem mun mótask smám saman yfir tímabilið og verður ferlið skrásett jafnóðum á myndrænan hátt. Meðfram sýningunni voru haldnar þrjár smiðjur og boðið upp á eina leiðsögn.

Sýningin var í framhaldinu endurhönnuð og sett upp í Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn.

Studio-FRÆ er alþjóðlegt hönnunarstúdíó sem starfar bæði á Íslandi og í Kína. Studio-FRÆ samanstendur af hönnuðunum **Niki Jiao** og **Yiwei Li** sem luku báðar meistaraþráðu í hönnun við Listaháskóla Íslands. Störf Studio-FRÆS eru fjölbreytt: Hönnunarráðgjöf, markaðssetning, vörupróun, sýningahönnun, margmiðlun, útgáfa og ljósmyndun.

Viðburðir

28.04 Opnun á HönnunarMars

30.04 Opin smiðja

07.05 Leiðsögn með Ýri og sýningarstjórum

27.08 Opin smiðja

Sýningin er styrkt af Safnasjóði



SKRÁNING Á VERKUM LOTHAR GRUND

06.10.—30.12.2023

Umsjón með skráningunni **Bóel Hörn Ingadóttir**


Árið 2022 gaf fjölskylda Lothars Grund Hönnunarsafni Íslands teikningar hans og fleiri gögn frá því hann vann fyrir Hótel Sögu. Þá m. eru frumteikningar af herbergjum, tillögur að sölum og auglýsingar fyrir hótelið. Einnig fylgdu gjöfnni auglýsingateikningar fyrir ýmis fyrirtæki.

Lothar Grund (1923—1995) var þýskur leikmynda- og búninga-hönnuður sem flutti til Íslands árið 1950 og bjó hér til ársins 1963. Á Íslandi vann hann m.a. sem leikmyndahönnuður og innanhússarkitekt auk þess sem hann teiknaði auglýsingar. Árin 1961—1963 vann Lothar sem innanhússarkitekt fyrir Hótel Sögu og hannaði innréttingar fyrir herbergi og sali hótelsins.

Ferli og ávinningur

Vinnan fólst í að skrá gögnin, ljósmynda þau og búa um þau fyrir langtíma varðveislu. Gestir gátu fylgst með ferlinu og samtímis fengið innsýn inn í störf yfirburðahönnuðar. Þau sem búa yfir upplýsingum um Lothar og verk hans voru hvött til að deila þeim með safninu og þá kom ýmislegt fróðlegt í ljós. Þegar verið var að skrá skissu af hesti uppgötvaði einn gestur að stórt veggverk af sama hesti á æskuheimili hans í Vesturbæ er eftir Lothar. Fjölskyldan hafði lengi velt fyrir sér hver höfundurinn væri.

Samtals 205 verk voru skráð í Sarp og eru nú öllum aðgengileg.



SÝNINGARSALUR HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI



Sýningarstjórar Anna Dröfn Ágústsdóttir,
Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir
og Sigríður Sigurjónsdóttir
Grafísk hönnun Studio Studio (Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
Lengd sýningar 20.01.2023—
Sýningin hlaut styrk úr Safnasjóði

Grunnsýning

Á sýningunni *Hönnunarsafnið sem heimili* er að finna um 200 dæmi um íslenska hönnun úr safneigninni sem telur í heild um 5000 muni frá árinu 1900 til dagsins í dag.

Á sýningunni er brugðið upp grunnmynd af heimili og líkt og venjulega á heimilum fólks getur þar að líta muni frá ólíkum tímum hlið við hlið. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og textill varpa ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað.

Heimilið er í sífelldri þróun. Stöðugt er verið að færa muni til og skipta þeim út fyrir aðra. Sköpun heimilis er lifandi ferli án lykta, fyrst og síðast sköpun þeirra sem þar búa. Smekkur sem mótask af ýmiss konar áhrifabáttum í lífi hvers og eins er það sem gefur hverju heimili sín sérkenni.

Grunnsýningar eru mikilvægar en þeim fylgir þó sú hættu að aðsóknin detti niður. Til þess að halda sýningunni lifandi hefur hönnuðum og rannsakendum verið boðið í heimsókn til að setja sitt mark á hana. Þá gefst tilefni til að halda aðra opnun og gestir koma aftur á sýninguna sem þar með öðlast nýjan og áhugaverðan vinkil. Samtöl kvikna og pælingar vakna. Heimilið er endalaus uppspretta áhugaverðra viðfangsefna.

Sýningarstjórn [Katla Einarsdóttir](#) og [Una María Magnúsdóttir](#)
Með tilkomu nýrra miðla hafa samskipti á milli heimilisfólks breyst og þróast. Samtölum, símtölum og post-it miðum fækkar og talblöðrur taka við. Í heimsókninni *Skilaboð* skoða grafísku hönnuðirnir Katla Einarsdóttir og Una María Magnúsdóttir orðsendingar á samskipta-miðlum sem farið hafa raunverulega á milli fólks sem býr á sama heimili. Skilaboðunum er komið fyrir á víð og dreif um sýninguna og eru sérstaklega dregnar fram skondnar hliðar þeirra. Nafnleyndar er þó gætt og vitaskuld fengið leyfi frá öllum hlutaðeigandi.

- Viðburðir**
03.02. Opnun á safnanótt
23.02. Smiðjan *Heimurinn heima* í vetrarfríi grunnskóla
19.03. Fyrirlesturinn *Heimilið er hægfara viðburður*
16.04. Leiðsögn
18.04. Sýningaropnun *Heimurinn heima* á Barnamenningarhátíð Garðabæjar
28.04. Innflutningsboð *Heimurinn heima*
04.06. Fyrirlesturinn *Híbýlaauður*
22.10. Leiðsögn
19.11. Eldhúsumræður með smakki
24.22. Opnun á heimsókninni *Skilaboð*

Í tengslum við sýninguna *Hönnunarsafnið sem heimili* var þrouð smiðja fyrir 3. 4. og 5. bekki grunnskóla í samstarfi við vöru-, leikmynda- og búningahönnuðinn [Auði Ösp Guðmundsdóttur](#) og upplifunarhönnuðinn [Kristínu Maríu Sigþórsdóttur](#).

Nemendur eru settir í hlutverk hönnuða og þarf hver bekkur (20—25 nemendur) að hanna hús fyrir ákveðinn aðila. Boðið er upp á notalega lýsingu í smiðjurýminu þar sem sett er upp hönnunarstofa. Allir fara í hvíta sloppa því þótt það eigi að vera gaman þarf að líka taka starfið alvarlega. Þetta tvennt fer vel saman.

Markmið heimsóknarinnar eru: • setja sig í spor hönnuða • setja sig í spor þeirra sem hannað er fyrir • vinna hugmyndir í módel í skalanum 1:25 • kynnst grunnhugtökum í innanhússhönnun og eiga samtál um heimili • þjálfá skapandi hugsun • finna lausnir • æfa fínhyrfingar og handverk • skipta með sér verkum í hóp • samvinna, samtál, samkomulag.

Sett var upp sýningin *Heimurinn heima* í tengslum við Barna-menningarhátíð Garðabæjar. Þar gat að líta hús sem nemendur í 4. bekk í Garðabæ unnu í smiðjunni. Sýningin var einnig hluti af HönnunarMars 2023.

Verkefnið hefur einnig verið útfært í vikulangt námskeið fyrir ungmenntu í vetrar- og sumarfríum, sem og stuttar fjölskyldusmiðjur. Næst á dagskrá er að hanna farandútgáfu fyrir skóla á landsbyggð-inni sem verður boðið upp á næsta vetur. Byrjað verður á að heimsækja Selfoss og nærliggjandi byggðir haustið 2024.

Þessir skólar komu í smiðjuna árið 2023: Breiðholtsskóli, Háteigsskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ, Flataskóli, Álftanesskóli, Hofstaðaskóli, Sjálandsskóli og Urriðaholtsskóli.

- 627 nemendur tóku þátt
- 67 kennarar

Sýning á Barnamenningarhátíð og HönnunarMars

Námskeið og smiðjur

Bingó! Leikandi leiðsögn og skapandi skrif

Smiðja í skapandi skrifum fyrir grunn- og menntaskólanema sem annars vegar beinir athygli að sögu hönnunargripa og hins vegar að nýjum sögum sem geta kviknað út frá þeim. Í smiðjunni eru gripir á grunnsýningu Hönnunarsafnsins notaðir sem innblástur að sögu. Markmið smiðjunnar er að vekja athygli nemenda á því hvernig upplýsingar eru kóðaðar inn í sjónræn einkenni hvers hlutar og hvernig hversdagslegir hlutir geta verið kveikja fyrir ímyndunaraflið.

Þegar nemendur koma á safnið fá þeir stutta leiðsögn um sýninguna *Hönnunarsafnið sem heimili*. Þar er lögð áhersla á að segja sögurnar á bak við valda gripi og hvernig þeir tengjast vissum tímabilum í menningarsögunni. Hagkaupssloppur, Spírusófi og Rockefeller-rúm tengjast t.d. ákveðnum tímabilum og persónulegum sögum. Síðan fá nemendur bingóspjald í hendur og ganga frjálst um sýninguna og merkja við orð á spjaldinu sem vekja hugrenningartengsl við suma gripina. Þegar fimm orð hafa verið valin setjast nemendur inn í Fræðslurýmið og nota orðin sem beinagrind að sögu sem þeir skrifa á blað.

Bingóspjaldið var hannað í samstarfi Þóru Sigurbjörnsdóttur, sérfræðings safneignar, við Studio Studio. Smiðjan er þróuð af Unu Maríu Magnúsdóttur, grafískum hönnuði, í samstarfi við fræðslufulltrúa safnsins, Sigríði Sunnu Reynisdóttur.

Nemendum er í sjálfsveld sett hvort þeir leyfi að sögur þeirra birtist á samfélagsmiðlum safnsins og hvort þær birtist þá undir nafni. Margir koma sjálfum sér á óvart í þessari smiðju og alltaf finnst einhverjum spennandi að sagan sé birt.

Þessi smiðja hefur verið boðin 7. bekkingum í grunnskólum, nemendum í framhaldsskólum og háskólum. Á Barnamenningarhátíð var öllum 7. bekkingum í grunnskólum Garðabæjar boðið í þessa smiðju. Á næsta skólaári stendur til að bjóða nemendur miðstigs og efsta stigi grunnskóla annars staðar af höfuðborgarsvæðinu velkomna.

© 146 nemendur tóku þátt

© 16 kennarar



ENDURSKIPULAGNING Í PAPPÍRSGEYMSLU
01.07—01.10.2023

Umsjón [Snorri Freyr Vignisson](#) sem naut aðstoðar Bóelar Harnar Ingadóttur
sem veitti ráðgjöf um forvörslu.
Ráðgjöf [Nathalie Jacquemet](#), forvörður

Ferli verkefnisins

Í gegnum tíðina hefur safnið tekið á móti teikningum, skissum og skjölum sem nýlega voru sameinuð í sérstakri pappírsgeymslu á 2. hæð þar sem áður var fundarherbergi. Þar er hægt að halda kaldara hitastigi en annars staðar og minni hætta er þar á leka en í kjallar-anum. Vegna þess hve mikið magn efnis hefur safnast saman þurfti að endurskipuleggja geymsluna. Bæta varð aðgengi að efninu, búa til meira pláss og huga að frágangi verka með það fyrir augum að varðveita þau. Gripir sumra hönnuða voru ekki allir á sama stað og erfitt að átta sig á hvað var hvar.

Fyrsta skrefið var að kynna sér varðveisluaðferðir fyrir pappír og skráningaraðferðir svo auðveldara væri að finna hentugan stað fyrir það sem enn beið flokkunar. Í fyrstu virtist sem takmarkað pláss væri í pappírsgeymslunni en eftir að hafa farið ofan í hvern kassa og skúffu og skoðað vandlega allt sem þar var að finna kom í ljós að skynsamlegt var að sameina efni og samræma varðveislupakkningar. Nú hefur allt efni verið flokkað eftir hönnuðum. Hver og einn hefur sinn stað sem og hvert fag. Arkitektateikningar eru geymdar í skúffum og þeim stærri verið pakkað í rúllur. Flestar aðrar teikningar eru í sýrufríum kössum. Nú má nálgast heiti og staðsetningu verkanna inni í geymslunni í nýju skjali en auk þess standa nöfn helstu hönnuða utan á skúffum og hillum með flokkunarlykli.

Helstu niðurstöður og lærdómur

Eftir að geymslan hefur verið yfirfarin er auðveldara að nálgast verk í merktum kössum og skúffum. Geymsluskráin er skýr og fest upp á vegg. Með góðu skipulagi er mun auðveldara að bregðast við fyrirspurnum um verkin. Fagleg varðveisla og gott aðgengi skiptir miklu máli því teikningar eru gjarnan stór hluti af vinnuaðferðum hönnuða og þar með mikilvæg heimild.

Verkefnið var styrkt af Safnasjóði

32 33

ENDURSKIPULAGNING, PÖKKUN, SKRÁNING
OG GRISJUN Á KERAMIKI SAFNSINS
01.07—01.11.2023

Umsjón og skráning í Sarp [Bóel Hörn Ingadóttir](#), sérfræðingur safns.
Framkvæmd á flutningi, pökkun, myndatöku og hilluskráningu [Katla Einarsdóttir](#)
og [Una María Magnúsdóttir](#), grafískir hönnuðir og sumarstarfsmenn árið 2023.

Sumarið 2023 kom í ljós að of heitt var í varðveislurými sem ætlað var fyrir textíl. Því var ákveðið að flytja allt keramik safnsins þangað. Á þessum tíma var keramik að hluta til skráð í Sarp en ekki var til hilluskráning. Tíðir jarðskjálftar höfðu orðið til þess að flestum hlutunum hafði verið pakkað í flýti inn í bóluplast. Vegna þessara tilfærslna og þar sem raða þurfti verkunum inn í nýtt rými, taka þau úr plastinu og vefja í sýrufrían pappír var ákveðið að nota tækifærið og skrá og mynda öll óskráð keramikverk í Sarp.

Allt keramikið var flutt inn í nýja rýmið, settar upp hillur, keramikið tekið úr plastinu, ljósmyndað, skráð í Sarp en líka í sérstaka hilluskrá ásamt ljósmynd af hverju verki (1700 verk). Samtals eru komnar 800 nýjar keramikskráningar í Sarp.

Um 80 hlutir voru flokkaðir úr til grisjunar en til hennar er t.d. gripið ef safnið á 10 eins bolla. Verið er að skoða framhaldið. Grisjunar-skýrsla verður gerð við lok verkefnisins.

Helstu niðurstöður og lærdómur

Allt keramik safnsins er komið á einn stað og stærsta hluta þess hefur verið pakkað inn í sýrufríar umbúðir. Hilluskrá með myndum (um 1700 verk) er til taks í geymslu en er líka til rafræn. Vel fer um gripina og auðvelt að finna þá. Lærdómurinn var helst sá að taka ekki við gripum sem ekki eiga raunverulegt erindi á safnið. Vinna þarf sérstaka söfnunarstefnu varðandi keramik. Með því að verja heilu sumri í að handfjatla, skoða merkingar, mynda verk og loks skrá alls 1700 muni í hilluskrá eru sumarstarfsmennirnir okkar, þær Una og Katla, orðnir sérfræðingar í íslensku keramiki. Katla sem er grafískur hönnuður hefur meira að segja hafið framhaldsnám í safnafræði sem stóð ekki til þegar hún kom til okkar.


Verkefnið var styrkt af Safnasjóði

REKSTUR

Innkoma	Kr.
Aðgangseyrir og þjónustutekjur*	769.380
Sala í safnbúð	5.623.994
Ríkissjóður	20.000.000
Safnasjóður og framlag v. safnfræðslu	13.550.000
Framlag Garðabæjar	79.122.505
Samtals innkoma	119.515.309

*Athugið að ekki var krafist aðgangseyris fyrstu 6 mánuði ársins þar sem ekki var hægt að ljúka við að setja upp grunnsýninguna fyrr en gert hafði verið við húsnæðið eftir leka.

Gjöld	Kr.
Launakostnaður	42.752.469
Húsaleiga (varðveislurými, sýningarsalir og skrifstofur)	38.569.080
Innkaup v. safnbúðar +/- birgðabreytingar	4.002.349
Önnur vörukaup	6.373.590
Þjónustukaup	27.817.821
Samtals gjöld	119.515.309



34

Stjórn safnsins á miklar þakkir skilið og þá sérstaklega fyrir stefnumótunarvinnu sem fram fór í lok árs 2018 og hefur verið uppfærð reglulega. Stjórn safnsins skipa: Stella Stefánsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson og Vera Rut Ragnarsdóttir

Umsjón með texta Sigríður Sigurjónsdóttir
Hönnun og umbrot Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir)

Útgefið september 2024

